








Gögn og skilmálar
Ráðið leggur til að eftirfarandi skilmálum sé bætt við greinargerð deiliskipulagsins og gögnum um fyrirkomulag bætt við. Skilmálar um ljósa liti í klæðningum sem þarf að tilgreina og fá samþykki fyrir þegar sótt er um byggingarleyfi.

Skilmálar um að 1 hæð eða 4 hæð verði aðgreind í öðrum lit.
Skilmálar um daufa afskermaða lýsingu á norður hlið (ræða við lóðarhafa)
Skilmálar um að bílaplan yfir bílakjallara geti borið slökkviliðsbíl Fjöldi íbúða 8-12 (ræða við lóðarhafa).

Frekari upplýsingar um aðkomu og fyrirkomulag byggingar
- inngangar
- Stæði fyrir hreyfihamlaða og aðkoma að húsi,
- vörumóttaka
- leið gangandi vegfarenda um húsið eða að inngöngum.
- bílarampur,
- stigagangar og lyfta,
- uppskipting íbúða (þarf ekki innra fyrirkomulag íbúða),

Breytingar á byggingarreit og byggingarmagni
Ráðið leggur til að dregið sé úr umfangi byggingarinnar með eftirfarandi hætti.
Norður- og norðvesturhlið er færð 2 metra til suðurs.
Þess í stað er 4 hæð norðurhliðar aðeins dregin inn um 2 metra í stað 3 og 4 hæð norðvestur hliðar dreginn inn um 1,6 m í stað 2 m.
Suður, austur og suðvestur hlið skulu vera dregnar inn um 1,6 m. Hámarksbyggingarmagn er 12 fm minna en hámarks byggingarreitur gefur til kynna.